

Úr fundargerð samráðshóps SSH um þjónustu við fatlað fólk, dags. 27.01.2016

Tillaga frá Erlendi um breytingu á opnunartíma þjónustuvers sem barst í tölvupósti dags. 13. jan. Ekki eru gerðar athugasemdir við þessa tillögu. Þar kemur fram að þjónustutími skv. Þjónustulýsingu 3.1.1. er nú frá kl. 7-22 alla daga vikunnar.

Að ósk strætó skv. tölvupósti 13. Janúar 2016 eru lagðar til breytingar á opnunartíma.

„Breytingar á pöntunartíma

Óskað er eftir að tími fyrir símapantanir með akstursþjónustunni verði breytt þannig að á virkum dögum verði opið frá kl. 09:00 til 18:00 og laugardaga og sunnudaga frá kl 10:00 – 14:00, áfram verður hægt að panta ferðir í tölvupósti og í framtíðinni á vefnum.

Tilgangur þessarar breytingar er fyrst og fremst að bæta svörun í síma á dagtíma ná betur utanum skipulag akstursins og auka hraða í rafrænum skráningum. Einhverjar mannabreytingar verða með færslu af vaktavinnu yfir í dagvinnu.

Fjárhagslegur ávinningur er óverulegur í beinum rekstrarkostnaði en með betri fyrirvörum um akstur eru meiri líkur á að ná hagræðingu í skipulagi akstursplans og ekki síður er ætlunin að bæta svörun í þjónustuverðið verulega.

Þjónustan mun að öðru leiti ekki breytast síminn verður áfram opinn á öðrum tíma og fyrirspurnum svarað ásamt neyðaraðstoð.“